

## **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 19. júlí 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-40/2018.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 23. maí 2018 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst aðallega riftunar á kaupunum auk endurgreiðslu á útlögðum kostnaði en til vara skaðabóta. Til þrautavara er krafist afsláttar af kaupverði.

### **II**

#### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 23. maí 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 7. júní 2018. Sama dag voru andsvör seljanda send til álitsbeiðanda og honum bent á heimild hans til að hafa uppi athugasemdir vegna andvaranna. Hann nýtti sér þá heimild og skilaði athugasemdum sínum þann 20. júní 2018. Seljandi fékk athugasemdir álitsbeiðanda sendar til upplýsinga og var einnig gefinn kostur á að koma sínum athugasemdum á framfæri við nefndina ef einhverjar væru. Seljandi nýtti sér þá heimild og bárust athugasemdir hans 5. júlí 2018. Þann 12. júlí 2018 sendi álitsbeiðandi inn enn frekari athugasemdir til nefndarinnar sem seljandi svaraði með andsvörum þann 1. ágúst 2018. Með bréfi, dags. 30. apríl 2019, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000, af gerðinni Nissan Patrol GR, árgerð 2001, á 700.000 krónum af seljanda þann 4. janúar 2018. Bifreiðin hafði á kaupdegi verið ekin 232.500 km. Bifreiðin var auglýst til sölu á síðunni Braskogbrall.is á Facebook en þar sagði meðal annars: „Um 20 þús km síðan farið var í vélina á honum. Það fór stimpill og þá var vél yfirfarin og sett ný túrbína, hedd þrýstiprófað o.fl. [...] Gallar. smá ryð aftast í sílsa og það er olíumiðstöð í bílnum sem virkar ekki.“ Að sögn álitsbeiðanda upplýsti seljandi álitsbeiðanda einnig um framangreint munnlega fyrir kaupin. Álitsbeiðandi óskaði fyrir kaupin eftir afriti af kvittunum vegna viðgerðarinnar en seljandi kvaðst ekki hafa kvittun undir höndum. Seljandi sagði að viðgerðin hafi verið framkvæmd á Egilsstöðum samkvæmt upplýsingum frá fyrri eiganda. Í samtali aðila eftir kaupin, þann 10. janúar 2018, sem fram fór á samskiptaforritinu Messenger, staðfesti seljandi að skipt hafi verið um stimpla og heddþakkingu auk þess sem heddidi hafi verið þrýstiprófað hjá viðurkenndum aðila. Kaupsamningur og afsal var undirritað á staðlað eyðublað hjá Samgöngustofu en álitsbeiðandi kveðst ekki hafa afrit af kaupsamningnum undir höndum.

Viku eftir kaupin fór bifreiðin í viðgerð þar sem gert var við ónýtt strekkihjól og ónýta viftureim. Seljandi bauðst til að greiða fyrir þá viðgerð en álitsbeiðandi sagðist ætla að greiða þann kostnað sjálfur sem var að fjárhæð 60.521 krónum. Þann 26. mars 2018, um það bil tveimur mánuðum og þremur vikum eftir kaupin, var álitsbeiðandi við keyrslu á leið til Akureyrar með fjölskyldunni þegar bifreiðin missti allan kraft á Öxnadalsheiðinni og gaf frá

sér mikinn svartan reyk. Bifreiðin var strax færð á Z til bilanagreiningar. Í reikningi frá verkstæðinu, dags. 28. mars 2018, segir m.a.: „Bíll settur í gang fyrir utan og mjög undarlegur. Keyrður inn og skoðaður nánar. Við nánari skoðun lítur allt út fyrir að það sé brunnin stimpill í mótör og þarf að skipta honum út“. Staða kílómetramælisins var þá 240.621 km og hafði bifreiðinni því verið ekið rúmlega 8.000 km frá kaupunum. Seljanda var tilkynnt um bilunina með símtali þann 28. mars 2018 og gefinn kostur á að taka þátt í viðgerðarkostnaði sem álitsbeiðandi taldi vera um 500.000 krónur með því að kaupa notaða vél. Seljandi hafnaði alfarið að taka þátt í kostnaðinum. Álitsbeiðandi hefur nú aflað sér verðáætlana frá tveimur bifvélaverkstæðum vegna kostnaðar við að skipta um alla stimpla og hringjasett. Kostnaðurinn er áætlaður á bilinu 1.000.000 krónur til 1.200.000 krónur.

Álitsbeiðandi lýsti yfir riftun kaupanna þann 18. apríl 2018 en riftun var hafnað af seljanda þann 7. maí 2018. Álitsbeiðandi krefst þess aðallega að kærunefndin fallist á riftun kaupanna ásamt endurgreiðslu á útlögðum kostnaði. Útlagður kostnaður álitsbeiðanda er eftirfarandi:

14.220 krónur – Bilanagreining hjá Z 28. mars 2018.

7.470 krónur – Leiga á bílaleigubifreið á Akureyri 27. – 28. mars 2018.

27.765 krónur – Leiga á bílaleigubifreið á Akureyri til að keyra heim til Keflavíkur.

50.000 krónur – Kostnaður við að koma bifreiðinni frá Akureyri til Keflavíkur.

Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin verulegum galla við kaupin. Bifreiðin var auglýst og kynnt þannig að vél hennar væri nýlega yfirfarin og búið væri að skipta um stimpla, túrbínu, hedd hafi verið þrýstiprófað o.s.frv. Skorar álitsbeiðandi á seljanda að leggja fram gögn til sönnunar um að það hafi verið gert. Álitsbeiðandi telur að ef viðgerð hefur farið fram hafi aðeins verið skipt um einn stimpil sem sé ekki fullnægjandi því þá einfaldlega fari næsti stimpill. Álitsbeiðandi segir seljanda hafi fullyrt að skipt hafi verið um stimpla og breytti engu þó þessar upplýsingar stafi frá fyrri seljanda, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 50/2000. Álitsbeiðandi telur augljóst að bifreiðin svari ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi gaf um hana, sbr. 1. mgr. 18. gr. laganna. Þá hafi upplýsingar um ástand vélarinnar haft veruleg áhrif á kauptilboð álitsbeiðanda en ástand bifreiðarinnar hafi verið mun verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti. Álitsbeiðandi segir ekki hafa verið unnt að skilja upplýsingar frá seljanda öðruvísi en svo að vélin hafi verið tekin upp, skipt hafi verið um stimpla, túrbínu o.fl. og hafi álitsbeiðandi mátt treysta því að upplýsingarnar væru réttar sbr. a- og b- liður 1. mgr. 19. gr. laga nr. 50/2000.

Álitsbeiðandi hafnar því alfarið að hann hafi vanrækt skoðunarskyldu sína líkt og seljandi hafi bent á í bréfi sínu þar sem hann hafnar riftunarkröfu álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi telur að hann hafi mátt treysta því sem fram kom í auglýsingu seljanda um ástand vélarinnar auk þess sem fram kom í samskiptum aðila fyrir og eftir kaup. Álitsbeiðandi hafi því ekki þurft að staðreyna ástand vélarinnar með sérstakri skoðun. Einnig bendir álitsbeiðandi á að ástand véla sé ekki kannað sérstaklega við hefðbundna ástandsskoðun. Að auki sé seljandi menntaður vélvirki og því megi gera meiri kröfur um upplýsingaskyldu seljanda sem ætti að vera sérfróður á þessu sviði. Þá bendir álitsbeiðandi á að kostnaður við viðgerð á bifreiðinni sé meiri en svo að forsvaranlegt sé að gera við hana. Kaupverðið var 700.000 krónur en áætlaður viðgerðarkostnaður er frá 1.000.000 krónur til 1.200.000 krónur.

Til vara krefst álitsbeiðandi skaðabóta úr hendi seljanda, sbr. 40. gr. laga nr. 50/2000 og til þrautarvara krefst álitsbeiðandi afsláttar af kaupverði, sbr. 38. gr. sömu laga. Um skaðabótakröfu sína vísar álitsbeiðandi til reglu b-liðar 3. mgr. 40. gr. laga nr. 50/2000. Segir álitsbeiðandi að vél bifreiðarinnar hafi verið gölluð við söluna miðað við þá eiginleika sem seljandi hafði ábyrgst að hún hefði. Bilunin hafi verið eðlileg afleiðing af ástandi hennar við söluna og vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 3/1980. Til þrautarvara krefst álitsbeiðandi þess

að kærunefndin ákveði afslátt að álitum, meðal annars með hliðsjón af þýðingu gallans fyrir álitsbeiðanda.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum hafnar seljandi kröfum álitsbeiðanda, málavaxtalýsingu hans og málflytningu. Seljandi krefst þess að kærunefndin vísi álitsbeiðninni frá eða hafni öllum kröfum álitsbeiðanda. Seljandi mótmælir því sérstaklega að hann hafi upplýst álitsbeiðanda um að vél bifreiðarinnar hafi verið „tekin upp“ þegar fyrri eigandi fór í vélina. Bifreiðin hafi ekki heldur verið auglýst og kynnt með „ný yfirfarna vél“ heldur hafi komið fram í auglýsingu seljanda að „farið hafi verið í vél“ fyrir 20.000 km akstri síðan.

Seljandi kveðst hafa átt bifreiðina í átta og hálfan mánuð og ekið henni um 6.000 til 7.000 km án þess að verða var við nokkur einkenni bilunar líkt og þeim sem álitsbeiðandi lýsi í álitsbeiðni. Þá segir seljandi að hann hafi ekki haldið því fram fyrir kaupin að útskipting á stimplum, túrbínu, þrýstiprófun á heddi o.fl. hafi farið fram á viðurkenndu verkstæði. Ekki hafi verið minnst á það í auglýsingu heldur sagði seljandi það við álitsbeiðanda eftir kaupin. Jafngildi það ekki áskilnaði um eiginleika söluhlutar fyrir kaup. Seljandi segir eftirfarandi atriði eiga að leiða til þess að hafna verði kröfum álitsbeiðanda:

Í fyrsta lagi sé ósannað að bifreiðin hafi verið haldin galla við söluna auk þess sem sönnun álitsbeiðanda fyrir biluninni og ástæðum hennar sé ófullnægjandi. Eina skjalið sem fjalli um bilun bifreiðarinnar sé reikningur vegna bilanagreiningar Bílaverkstæðis Norðurlands og þar sé að finna lýsingu álitsbeiðanda sjálfs á ástandi bifreiðarinnar auk hugmynda um hugsanlegar skýringar á því af hverju það „lítur allt úr fyrir að það sé brunninn stimpill í mótór“. Ekki hafi verið gengið úr skugga um að í raun sé brunninn stimpill í mótór og ekki er staðfest af hverju það hafi gerst. Þá byggir álitsbeiðandi mál sitt á því að einungis hafi verið skipt um einn stimpil í viðgerð fyrri eiganda þegar fyrir liggur að það sé rangt.

Í öðru lagi segir seljandi að álitsbeiðandi hafi vanrækt skoðunarskyldu sína með því að hafa ekki fengið óháðan aðila til að skoða bifreiðina fyrir kaupin. Seljandi bendir á að um gamla bifreið sé að ræða sem var ekin rúmlega 230.000 km við söluna og álitsbeiðandi hafi vitað til þess að „umtalsverðar viðgerðir hefðu farið fram á vél hennar vegna bilunar áður, í tíð fyrri eiganda (brunninn stimpill)“. Hafi því verið fullt tilefni fyrir álitsbeiðanda að skoða bifreiðina rækilega fyrir kaupin. Þá segir seljandi rangt að vél bifreiða sé ekki skoðuð í ástandsskoðun þar sem menntaður bifvélavirki yrði var við það ef gangverk bifreiðarinnar væri lélegt. Seljandi kveðst ekki hafa orðið var við bilun í bifreiðinni. Þá sé hann ekki vélvirki líkt og álitsbeiðandi haldi fram og sérfróður þegar kemur að ástandi bifreiða, heldur sé hann menntaður vélstjóri og vélfræðingur. Segir hann að á honum hvíli ekki ríkari skylda en öðrum að láta yfirfara vél bifreiða sem hann kaupir og ekur.

Í þriðja lagi segir seljandi að áskildir eiginleikar söluhlutar hafi ekki brugðist líkt og álitsbeiðandi byggir kröfu sína á. Segir hann álitsbeiðanda virðast byggja á því að seljandi hafi lofað að allir stimplar vélarinnar hafi verið endurnýjaðir en ekki staðið við það eða að viðgerðin hafi ekki verið forsvaranleg því aðeins einum stimpli hafi verið skipt út. Þetta sé hvoru tveggja rangt þar sem fyrri eigandi hafi skipt um alla stimpla í bifreiðinni, líkt og fram kemur í yfirlýsingu frá fyrri eiganda sem seljandi aflaði og hefur lagt fram fyrir kærunefndina. Þá séu öll samskipti eftir að kaupin áttu sér stað ekki loforð um tiltekna eiginleika, enda voru þau eftir kaupin.

Í fjórða lagi telur seljandi að hafna beri kröfu álitsbeiðanda þar sem ófullnægjandi gögn liggja frammi um notkun bifreiðarinnar eftir kaupin þrátt fyrir áskorun seljanda um að leggja slík gögn fram þann 7. maí 2018. Upplýsingar vanti t.d. um það hvort álitsbeiðandi hafi látið smyrja bifreiðina og hvort hún hafi verið notuð til dráttar. Þá komi ekki heldur fram hvernig bifreiðinni hafi verið komið af Öxnadalsheiði til Z, um 50 km leið. Byggir seljandi á því að álitsbeiðandi hafi vanrækt að láta smyrja bifreiðina, hann hafi ekki upplýst um notkun

hennar eftir kaupin og hann hafi endanlega eyðilaggt vél hennar með því að aka henni 50 km leið eftir að vélin var orðin „kraftlaus [og] reykti mikið svörtu“.

Þá bendir seljandi á að um 17 ára gamla bifreið sé að ræða af gerð sem þekkt er af vélarbilunum. Segir seljandi að vél í svo gamalli bifreið geti bilað hvenær sem er og kaup á slíkri bifreið sé í raun eins og þátttaka í happadrætti. Bifreiðinni hafi verið ekið um 240.000 km þegar hún bilaði hjá álitsbeiðanda sem hafði ekið henni um 8.000 km frá kaupunum. Bifreiðinni hafði þá verið ekið um 30.000 km frá því síðast var „farið í vél hennar“. Seljandi kveðst hafa, eftir sinni bestu vitund, greint álitsbeiðanda frá því sem gert hafði verið við bifreiðina og ekkert hafi komið fram um að hann hafi greint rangt frá. Álitsbeiðandi hafi skoðað bifreiðina mjög lauslega fyrir kaupin, ekki leitað eftir frekari gögnum eða upplýsingum líkt og reikningum vegna fyrri viðgerða og valdi að láta ekki söluskoða hana.

Seljandi segir einnig að ekki sé nægilega gerð grein fyrir tilurð bótakröfu og rökstuðningi fyrir henni eða fjárhæð bóta í álitsbeiðni. Þar sem ekki hafi verið um sviksemi að ræða af hálfu seljanda, mistök eða vanrækslu, sé í öllu falli ekki grundvöllur til að krefjast bóta fyrir óbeint tjón, sbr. 40. gr. laga nr. 50/2000.

Í yfirlýsingu fyrri eiganda, sem seljandi hefur lagt fram í málinu, kemur eftirfarandi fram:

Fyrri eigandi keypti bifreiðina 28. október 2014 af félaginu Þ. Vél bifreiðarinnar var þá biluð. Samkvæmt upplýsingum frá fyrri eiganda, þ.e. félaginu Héraðsfirði ehf., var búið að gera við bifreiðina hjá verkstæðinu Æ, þar sem var m.a. skipt um heddþakkingu, heddidið þrýstiprófað og planað. Fljótlega eftir það eyðilagðist túrbína bifreiðarinnar og var þá sett ný túrbína í bifreiðina. Stuttu eftir það fór neðri hlutinn í vélinni og þannig keypti sá aðili bifreiðina sem að endingu seldi hana til seljanda. Sá aðili setti þessa vél í bifreiðina og sameinaði hana annarri vél sem búið var að endurgera, þ.e. sveifarhús ásamt nýjum stimplum og nýjum legum. Þessi viðgerð var framkvæmd 10. janúar 2015 af bifvélavirkja.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Álitsbeiðandi kveðst þurfa að koma fram með margvíslegar athugasemdir við andsvör seljanda og telur að með framlagðri yfirlýsingu fyrri eiganda séu komnar fram nýjar upplýsingar um ástand og eiginleika vélar bifreiðarinnar. Álitsbeiðandi segir fullyrðingu sína um að vél bifreiðarinnar hafi verið „tekin upp“ standa miðað við upplýsingar frá seljanda í auglýsingu og samskiptum milli aðila fyrir og eftir kaupin. Nú hafi hins vegar komið í ljós að þær upplýsingar sem seljandi veitti hafi verið rangar í næstum öllum meginatriðum.

Í söluauglýsingu seljanda og samskiptum aðila fyrir og eftir kaupin kom fram að 20.000 km séu síðan fari var í vélina, stimpill fór, ný túrbína var sett í vélina og hedd þrýstiprófað. Verði ráðið af þessari lýsingu að ný túrbína sé í vélinni, búið sé að skipta um einn stimpil og hedd þrýstiprófað svo gengið hafi verið úr skugga um að ekki leyndist sprunga í henni. Í yfirlýsingu fyrri eiganda komi hins vegar fram að þegar hann keypti bifreiðina árið 2014 hafi verið búið að gera við vélina með því að skipta um heddþakkingu og þrýstiprófa hedd. Ekkert komi fram um það hvenær það var gert. Af lýsingu þessa fyrri eiganda sé ljóst að seljandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína og veitt rangar upplýsingar um ástand og eiginleika vélarinnar. Í yfirlýsingunni komi fram upplýsingar sem álitsbeiðandi hafði ekki vitneskju um auk þess sem þær stangist á við uppgæfnar upplýsingar seljanda bæði fyrir og eftir kaup. Hvergi hafi komið fram að búið væri að sameinaða bilaða vél við aðra notaða vél og setja í bifreiðina. Staðfesti yfirlýsingin vanrækslu seljanda að gefa upplýsingar um atriði sem verulega skiptu máli um bifreiðina enda kveðst álitsbeiðandi ekki hafa gert kauptilboð í bifreiðina hefðu þær legið fyrir.

Álitsbeiðandi bendir á að í söluauglýsingu hafi verið tekið fram að „stimpill“ hafi farið og álitsbeiðandi hafi spurt seljanda hvort hann væri með kvittanir varðandi „nýja stimpilinn“. Seljandi svaraði að hann hefði ekki kvittanir en viðgerð hefði farið fram á verkstæði á

Egilstöðum samkvæmt upplýsingum frá fyrri eiganda. Álitsbeiðandi hafi því fyrir kaupin verið upplýstur um að skipt hafi verið um stimpil, ekki stimpla og að það hefði verið gert á verkstæði. Fjórum dögum eftir kaupin hafi seljandi svo sagt álitsbeiðanda að eigin frumkvæði að fyrri eigandi hafi sagt að skipt hafi verið um stimpla ekki bara einn stimpil. Álitsbeiðandi segir að ráða verði af yfirlýsingu fyrri eiganda að sameining á bilaðri vél með annarri vél hafi ekki verið framkvæmd á verkstæði og bendir á að engar kvittanir hafi verið lagðar fram af hálfu seljanda eða fyrri eiganda um viðgerðina eða kaup á varahlutum sem staðfesti að viðgerðin hafi farið fram.

Álitsbeiðandi bendir einnig á að strax fjórum dögum eftir kaupin hafi bilanir farið að gera vart við sig í vél bifreiðarinnar. Þann 10. janúar 2018 áttu aðilar í samskiptum þar sem miðstöð bifreiðarinnar virkaði ekki auk þess sem álitsbeiðandi spurði seljanda hvort skipt hafi verið um viftureim því ískur heyrðist í vélinni. Seljandi sagði að hann vissi það ekki, en hann hefði allavega ekki skipt um viftureim. Tveimur dögum síðar, þann 12. janúar 2018, fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæði þar sem hann segir hafa komið í ljós að strekkihjól var ónýtt og viftureim var við það að slitna.

Álitsbeiðandi telur sannað í málinu að bifreiðin hafi verið haldin galla við sölu, óháð því sem seljandi heldur fram. Leggur álitsbeiðandi fram nánari gögn vegna bilunarinnar, þar á meðal myndbandsupptöku af því þegar bilunin var greind. Segir álitsbeiðandi að það staðfesti að stimpill í mótör hafi brunnið sem hafi valdið bilun bifreiðarinnar. Áréttar álitsbeiðandi að hann telji bifreiðina ekki hafa svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi gaf við markaðssetningu um ástand og eiginleika vélarinnar sem og vanrækslu seljanda við að gefa upplýsingar sem verulega máli skiptu, sbr. 18. og 19. gr. laga nr. 50/2000. Álitsbeiðandi segir að hann hafi mátt gera ráð fyrir að endingartími vélarinnar yrði mun lengri en raun varð og því hafi endingartími vélarinnar ekki staðist réttmætar væntingar hans miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir við kaupin. Álitsbeiðandi áréttar að hann hafi ekki verið upplýstur um að þær viðgerðir sem taldar voru upp í söluauglýsingu hafi farið fram áður en vélin bilaði og hún var sameinuð annarri notaðri vél ásamt nýjum stimplum og legum. Vísar álitsbeiðandi til þess að upplýsingaskylda seljanda nái ekki aðeins til atvika sem hann þekkir heldur líka atvika sem hann má vita um og er ekki afsakanlegt að hann viti ekki um. Geti það vart talist óeðlileg krafa til seljanda að hann kynni sér upplýsingar frá fyrri söluaðila fyrir sölu.

Álitsbeiðandi segir þá reglu gilda í íslenskum rétti að eftir því hve ríkar upplýsingar seljandi söluhlutar veiti, því takmarkaðri aðgæsluskyldu þurfi kaupandi að sinna og öfugt. Álitsbeiðandi leggur einnig fram staðfestingu frá bifvélavirkja hjá Frumherja þess efnis að vélar séu ekki skoðaðar við venjulega ástandsskoðun nema varðandi leka, aukahljóð eða gangtruflanir. Ekki sé unnt að gera kröfu um að kaupandi bifreiða fari með þær í sérstaka vélaskoðun til sérhæfðra vélaverkstæða, umboðs eða viðurkenndra umboðsaðila, þegar fyrir liggja upplýsingar um að vél sé nýyfirfarin, ný túrbína og hedd þrýstiprófað. Álitsbeiðandi óskaði fyrir kaupin eftir kvittunum eða öðru sem sannaði eiginleika bifreiðarinnar sem haldið var fram í söluauglýsingu en seljandi sagðist ekki hafa kvittanir. Álitsbeiðandi segir að það hvíli á seljanda að sanna að viðgerðirnar hafi átt sér stað hjá fyrri eiganda líkt og hann hélt fram við sölu.

Álitsbeiðandi mótmælir því harðlega að bilun bifreiðarinnar stafi af lélegri eða rangri umhirðu álitsbeiðanda eftir kaupin. Álitsbeiðandi kveðst eingöngu hafa keyrt bifreiðina í og úr vinnu en hann vinnur í Hafnarfirði og býr í Reykjanesbæ. Keyrði hann því um það bil 100 km á dag. Ferðin til Akureyrar hafi verið fyrsta skiptið sem farið var á bifreiðinni í ferðalag en aldrei hafi bifreiðin verið notuð til að draga kerru eða annarskonar eftirvagna. Kveðst álitsbeiðandi mjög reglulega bætt olíu á vélina og segist hafa keypt stuttu eftir kaupin fimm lítra af olíu sem var til staðar í bifreiðinni. Þá hafi bifreiðin verið dregin af Öxnadalshéið að Bílaverkstæði Norðurlands.

Álitsbeiðandi segir ekki umdeilt að bifreiðin sé gömul og mikið ekin. Hins vegar hafi seljandi vanrækt upplýsingaskyldu sína og þær upplýsingar sem hann gaf um ástand og eiginleika bifreiðarinnar hafi að meginstefnu verið rangar. Ekki geti talist eðlilegt að vél bifreiðarinnar gefi sig 8.000 km eftir kaup og um 20.000 km eftir að vélin var yfirfarin.

Álitsbeiðandi telur bótakröfu sína ekki vanreifaða, enda nái krafan til alls kostnaðar sem stafi raunverulega af vanefnd seljanda, þ.e. viðgerðarkostnaði og útlögðum kostnaði. Viðgerðarkostnaður sé á bilinu 1.000.000 krónur til 1.200.000 krónur og sé eðlilegt að seljandi greiði a.m.k. 2/3 af þeim kostnaði. Þá sé útlagður kostnaður alls 99.455 krónur. Þá telur álitsbeiðandi ekkert því til fyrirstöðu að bætur verði metnar að álitum. Álitsbeiðandi byggir á ábyrgðarreglu b-liðar 3. mgr. 40. gr. laga nr. 50/2000 þar sem söluhlut skorti áskilda kosti. Geti hann því krafist bóta fyrir beint og óbeint tjón. Vegna nýrra upplýsinga í yfirlýsingu fyrri eiganda byggir álitsbeiðandi bótakröfu sína einnig á a-lið 3. mgr. 40. gr. laga nr. 50/2000 enda hafi seljandi vanrækt upplýsingaskyldu sína. Hafi hann mátt vita að upplýsingarnar sem ekki voru gefnar og komi nú fyrst fram í yfirlýsingunni myndu skipta máli fyrir álitsbeiðanda.

## VI

### Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum sínum bendir seljandi á að í riftunarbréfi álitsbeiðanda frá 18. apríl 2018 haldi hann því fram að seljandi hafi upplýst fyrir kaupin að nýjir stimplar hafi verið settir í vél bifreiðarinnar. Nú haldi álitsbeiðandi því fram að seljandi hafi sýnt af sér vanrækslu með því að hafa ekki upplýst álitsbeiðanda um að fleiri en einum stimpli hafi verið skipt út. Seljandi bendir á að í söluauglýsingunni hafi staðið að stimpill hafi gefið sig en ekkert standi um að aðeins hafi verið skipt um þennan eina stimpil. Seljandi segir einnig rangt að ekki hafi verið gerð grein fyrir því hvað fyrri eigandi gerði fyrir bifreiðina en seljandi segist hafa greint ítarlega frá því að því marki sem hann vissi best, þ.e. að neðri hluti hafi komið úr annari vél en að í henni hafi verið nýjir eða nýlegir stimplar og legur. Seljandi kveðst ekki hafa þurft að bæta olíu á mótór bifreiðarinnar þann tíma sem hann átti hana og því sé ekki unnt að byggja á fullyrðingum álitsbeiðanda að hann hafi „alltaf“ verið að bæta olíu á vélina. Ef það væri rétt þá hljóti það að vera vegna ástands vélarinnar sem kom til eftir kaupin. Þá bendir seljandi á að ekki komi fram hvort það hafi verið gert undir handleiðslu kunnáttumanns enda beri margt að varast þegar olíu sé bætt á bílmótora. Seljandi segir ekkert benda til þess að vél bifreiðarinnar hafi verið á leiðinni að bræða úr sér og ekki liggi fyrir upplýsingar um mikla olíubrennslu eða annað sem bendi til veilu í vélinni. Engar tilkynningar um slíkt komi fyrr en eftir atvikið á Öxnadaslsheiði og engin gögn eru til staðar að sögn seljanda sem sýna að bifreiðin hafi verið haldin galla við sölu.

## VII

### Athugasemdir álitsbeiðanda við seinni andsvör seljanda

Í seinni athugasemdum sínum segir álitsbeiðandi að misræmi í upplýsingagjöf varðandi það hvort skipt hafi verið um stimpil eða stimpla beri að túlka álitsbeiðanda í hag enda hvíli skylda á seljanda bifreiða að upplýsa um atriði sem verulegu máli skipta varðandi söluhlut eða notkun hans. Álitsbeiðandi bendir á að ákvæði laga nr. 50/2000 um upplýsingaskyldu seljanda hafi verulega þýðingu varðandi mikilvægi eiginleika söluhlutar sem er ekki unnt að sjá við venjulega skoðun eða þegar kaupandi getur ekki komist að upplýsingum á annan hátt. Þegar litið sé til þess að áætlaður viðgerðarkostnaður sé yfir 1.000.000 krónur verði ekki annað séð en að ástand bifreiðarinnar sé til muna verra en álitsbeiðandi mátti ætla við kaupin, sérstaklega með vísan til upplýsinga frá fyrri eiganda sem ekki lágu fyrir við kaupin.

## VIII

### Þriðju andsvör seljanda

Í þriðju andsvörum seljanda bendir hann á að bilanagreining Z, hafi verið framkvæmd eftir nærri 10.000 km akstur frá kaupunum og segi ekkert til um ástand bifreiðarinnar við kaupin. Þá hafi ekkert komið fram í málinu sem sýni fram á að bifreiðin hafi farið í smurningu og olúskipti með þeim hætti sem rétt er. Seljandi bendir á að álitsbeiðanda hafi við kaupin verið ljóst að vél bifreiðarinnar hafi gengist undir verulega viðgerð af gefnu tilefni þegar hún var í eigu fyrri eiganda. Samt hafi álitsbeiðandi ekki hirt um að afla sér upplýsinga frá fyrri eiganda um umrædda viðgerð. Þá hafi álitsbeiðandi ekki sýnt fram á að fyrri bilun tengist þeirri bilun sem álitsbeiðandi segir að komið hafi upp í bifreiðinni.

## IX

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 4. janúar 2018 fyrir 700.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2001 og var því 17 ára á kaupdegi og við kaupin hafði hún verið ekin 232.500 km. Ágreiningur málsins varðar bilun sem upp kom í vél bifreiðarinnar þann 26. mars 2018, um tveimur mánuðum og þremur vikum eftir kaupin. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við sölu. Telur hann að seljandi hafi veitt rangar upplýsingar um ástand bifreiðarinnar og þær viðgerðir sem framkvæmdar höfðu verið á vél hennar. Álitsbeiðandi krefst aðallega riftunar á kaupunum, en til vara skaðabóta eða afsláttar af kaupverði.

Kærunefndin álitur að við mat á því hvort bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin beri að líta til 17. og 18. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 (hér eftir lkp.). Ákvæðin eru svohljóðandi:

#### **17. gr. Eiginleikar söluhlutar.**

Söluhlutar skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi.

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutar:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megji af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
- c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
- d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.

...

Söluhlutar telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1. og 2. mgr.

#### **18. gr. Upplýsingar um eiginleika eða notkun.**

Reglur um galla gilda einnig þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla má að hafi haft áhrif á kaupin.

Regla 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hvorki vissi né mátti vita að upplýsingarnar voru gefnar.

Reglur 1. og 2. mgr. gilda ekki þegar upplýsingarnar eru leiðréttar á skýran og skilmerkilegan hátt og með nægum fyrirvara.

Þá segir í 1. mgr. 20. gr. lkpl. að kaupandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Ef kaupandi hefur rannsakað söluhlut fyrir kaupin eða án gildrar ástæðu látið undir höfuð leggjast að sinna hvatningu seljanda um slíka rannsókn getur kaupandi ekki borið fyrir sig sem galla þau atriði sem hann hefði mátt sjá við skoðun, sbr. 2. mgr. ákvæðisins. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans hefur að öðru leyti verið andstætt heiðarleika og góðri trú.

Í söluauglýsingu seljanda kemur m.a. eftirfarandi fram um ástand bifreiðarinnar: „Um 20 þús km síðan var farið í vélina á honum. Það fór stimpill og þá var vél yfirfarin og sett ný túrbína, hedd þrýstiprófað o.fl. [...] Gallar. smá ryð aftast í sílsa og það er olúmiðstöð í bílnum sem virkar ekki.“ Í álitsbeiðni kemur fram að álitsbeiðandi hafi fyrir kaupin óskaði eftir afriti af kvittunum vegna viðgerðarinnar en seljandi kvaðst ekki hafa kvittun undir höndum. Ekki liggja fyrir gögn um að seljandi hafi veitt frekari upplýsingar um ástand bifreiðarinnar fyrir kaupin. Þá liggur ekki fyrir að kaupandi hafi látið framkvæma söluskoðun á bifreiðinni fyrir kaupin.

Í ljósi framangreinds eru ekki að öllu leyti réttar fullyrðingar álitsbeiðanda um að bifreiðin hafi verið auglýst og kynnt þannig að vél hennar væri nýlega yfirfarin og búið væri að skipta um stimpla, túrbínu, hedd hafi verið þrýstiprófað o.s.frv. og að ekki hafi verið unnt að skilja upplýsingar frá seljanda öðruvísi en svo að vélin hafi verið tekin upp, skipt hafi verið um stimpla, túrbínu o.fl. Verður ekki séð að seljandi hafi fullyrt fyrir söluna að vélin hafi verið tekin upp eða að skipt hafi verið um stimpla. Aðeins kemur fram í auglýsingu að vélin hafi verið yfirfarin og að það hafi farið stimpill. Í samtali aðila eftir kaupin, þann 10. janúar 2018, sem fram fór á samskiptaforritinu Messenger, segir seljandi að skipt hafi verið um stimpla og heddþakningu.

Í yfirlýsingu sem seljandi hefur lagt fram frá fyrri eiganda er rakið hvaða viðgerðir höfðu verið framkvæmdar á vél bifreiðarinnar áður en seljandi eignaðist hana. Þar kemur fram að áður en hann festi kaup á bifreiðinni hafi verið búið að skipta um heddþakningu og túrbínu, en ekki er með öllu ljóst hvenær þær viðgerðir fóru fram. Áður en fyrri eigandi keypti bifreiðina hafði neðri hluti vélarinnar einnig gefið sig og hann keypti bifreiðina því með bilaðri vél. Fyrri eigandi sameinaði svo vél bifreiðarinnar við aðra vél sem búið var að gera upp með nýju sveifarhúsi, stimplum og legum. Yfirlýsingin er dagsett 6. júní 2018 og virðist hafa verið aflað vegna þessa máls. Ekki liggja fyrir í málinu upplýsingar um að hvaða leyti seljanda var kunnugt um hvaða viðgerðir fyrri eigendur höfðu framkvæmt á bifreiðinni þegar hann seldi álitsbeiðanda bifreiðina.

Ákvæði 1. mgr. 18. gr. lkpl. á við um rangar upplýsingar og einnig upplýsingar sem eru í sjálfu sér réttar en eru settar fram á villandi hátt. Kærunefndin álitur að upplýsingar seljanda um viðgerðarsögu bifreiðarinnar hafi ekki verið rangar eða villandi þegar litið er til



yfirlýsingar frá fyrri eiganda og svo söluauglýsingar seljanda. Þrátt fyrir að upplýsingar seljanda hefðu mátt vera ítarlegri en þær voru er ekki unnt að fallast á að upplýsingarnar valdi því að bifreiðin hafi verið haldin galla við söluna. Reglur um upplýsingaskyldu og upplýsingagjöf seljanda verður einnig að skoða með hliðsjón af rannsóknarskyldu kaupanda, sbr. 20. gr. l.kpl.

Ekki verður fallist á það með álitsbeiðanda að upplýsingagjöf seljanda hafi aflétt af honum rannsóknarskyldu skv. 20. gr. l.kpl. Þvert á móti telur kærunefndin að þær upplýsingar sem seljandi gaf um umfangsmiklar viðgerðir á vél bifreiðarinnar hafi gefið álitsbeiðanda enn frekara tilefni til að skoða bifreiðina ítarlega fyrir kaupin. Verður í því sambandi að líta til þess að bifreiðinni hafði verið ekið um 20.000 km frá því að umræddar viðgerðir fóru fram. Í 1. mgr. 20. gr. l.kpl. felst að kaupandi getur ekki gert kröfu á hendur seljanda vegna galla ef um atvik er að ræða sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin áttu sér stað. Ef kaupandi vitandi vits gerir samning um kaup á söluhlut þótt hann viti um tiltekinn eiginleika hans getur hann ekki síðar borið það fyrir sig að þennan eiginleika beri að telja galla. Í ákvæðinu felst ekki aðeins að kaupandanum hafi verið kunnugt um viðkomandi atvik heldur líka að hann hafi áttað sig á þýðingu þess sem galla. Kærunefndin telur þó ekki hægt að fullyrða að álitsbeiðandi hefði átt að sjá við skoðun það sem leiddi til þess að bifreiðin bilaði nokkrum mánuðum síðar.

Umrædd bifreið var 17 ára gömul þegar álitsbeiðandi festi kaup á henni og hafði verið ekin 232.500 km. Bifreiðin var því komin vel til ára sinna og hafði henni verið ekið töluvert mikið. Álitsbeiðandi mátti með hliðsjón af því gera ráð fyrir því að bifreiðin gæti bilað hvenær sem er eftir kaupin, enda er reglulegt viðhald og viðgerðir hluti þess að eiga og reka slíka bifreið.

Þegar um eldri bifreiðar er að ræða getur kaupandi ekki gert ráð fyrir að þær séu í tilteknu standi enda er iðulega kominn tími á margvíslegar viðgerðir eða viðhald sem nauðsynlegt og eðlilegt er eftir margra ára notkun.

Bifreiðinni hafði verið ekið um 8.000 km frá kaupunum þegar hún bilaði og um 28.000 km frá framangreindri viðgerð fyrri eiganda. Í málinu liggja ekki fyrir gögn um nákvæma bilanagreiningu bifreiðarinnar og hvort að bilun hennar megi að einhverju leiti rekja til fyrri viðgerða. Þegar litið er til þess, aldurs og mikils aksturs bifreiðarinnar álitur kærunefndin að ekki sé unnt að fallast á að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin.

Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

**X**

**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson